

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is
Ármúla 5 - 108 Reykjavík
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH14U144.0122

Dags. 16.3.2015

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 122. mál á 144. löggjafarþingi

Tillaga til þingsályktunar um eflingu virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur

Hagsmunasamtök heimilanna eru almennt hlynnt því að leitað verði leiða til þess að auka framboð á virkniúrræðum fyrir atvinnuleitendur. Samtökin eru hinsvegar alfarið á móti þeirri nálgun að því viðfangsefni sem kemur fram í greinargerð með þeirri tillögu sem hér er til umsagnar.

Í greinargerðinni eru nefnd sem dæmi um “virkniúrræði”, ýmis störf sem fram að þessu hafa talist til hefbundinnar vinnu launþega á vinnumarkaði. Óskiljanlegt er með með öllu hvernig hægt væri að skilgreina slík störf sem virkniúrræði fyrir atvinnuleitendur, enda eru þeir sem á annað borð hafa slíkum störfum að gegna eðli málsins samkvæmt ekki atvinnulausir. Ekki verður heldur neitt af tillögunni eða greinargerð með henni ráðið um með hvaða hætti eigi að skapa þau störf sem virðist vera lagt til að endurskilgreina sem einhverskonar vinnumarkaðsúrræði eða atvinnubótavinnu. Það getur ekki heldur leyst framfærsluvanda þeirra sem raunverulega þurfa fjárhagsaðstoð, að gera þá að sjálfboðaliðum. Samtökin geta því ekki séð að í tillögu þessari felist nein raunveruleg lausn á vanda þeirra sem glíma við atvinnuleysi eða búa við skerta framfærslu af öðrum orsökum.

Þá gera samtökin einnig alvarlegar athugasemdir við hugmyndir sem koma fram í greinargerð með tillögu þessari, sem ganga út á að skilyrða atvinnuleysistryggingar og framfærsluréttindi við þáttöku í svokölluðum virkniúrræðum, og “lágmarksvinnuframlag”. Í fyrsta lagi eru atvinnuleysistryggingar eðli málsins samkvæmt tryggingar, sem greidd hafa verið iðgjöld af í formi tryggingargjalds en það miðast við hlutfall af greiddum launum. Þannig hafa launþegar sem verða atvinnulausir þá þegar öðlast rétt til atvinnuleysistryggingar með greiðslu atvinnurekanda á iðgjaldi fyrir þeirra hönd. Öll síðar til komin íþyngjandi skilyrði fyrir því að njóta þeirra réttinda fela því í sér óréttmæta skerðingu á stjórnarskrárvörðum eignarrétti tryggingarþega. Í öðru lagi byggjast atvinnuleysistryggingar og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga á rétti allra samkvæmt 76. gr. stjórnarskrár til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika. Vakin er athygli á því að ákvæðið gerir engan áskilnað um að takmarka megi þann rétt með almennum lögum, og gæti slík takmörkun samkvæmt efni greinargerðarinnar því farið gegn stjórnarskrá.


Af framangreindum ástæðum geta Hagsmunasamtök heimilanna alls ekki fallist á þá tillögu sem hér er til umsagnar, einkum í ljósi þeirra forsendna sem eru lagðar til grundvallar í greinargerð með henni, heldur leggjast eindregið gegn því að tillagan verði samþykkt í núverandi mynd.

Rétt er að benda á að fyrir yfirstandandi þingi liggur tillaga til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili. Nauðsynlega þarf að taka mið af slíkum viðmiðum þegar kemur að því að ákvarða viðmið um stjórnarskrárvarðan rétt einstaklinga til að njóta fjárhagstoðar af hálfu sveitarfélaga, rétt eins og annarra opinberra aðila sem hafa slíkt hlutverk með höndum. Jafnframt liggur fyrir yfirstandi þingi tillaga til þingsályktunar um skilyrðislausu grunnframfærslu, sem hefur einnig verið kölluð “borgaralaun”. Samtökin hafa lýst yfir stuðningi við þá tillögu enda felur hún ekki í sér íþyngjandi skilyrði á borð við þau sem nefnd eru í greinargerð með þeirri tillögu sem hér er til umsagnar. Vísast nánar til umsagna samtakanna við þessi tilteknu þingmál.

Eins og rakið er í meðfylgjandi umsögnum Hagsmunasamtaka heimilanna um þingmál nr. 185 og 18, leggja samtökin áherslu á að öllum borgurum landsins verði tryggður réttur til skilyrðislausrar grunnframfærslu. Með því er átt við að engin sérstök skilyrði eigi að vera fyrir rétti til þess að njóta slíkrar grunnframfærslu, hvorki þátttaka á atvinnumarkaði eða önnur skilyrði. Afstaða samtakanna er skýr í þessum efnum, það er af nógu að taka á Íslandi fyrir alla til að bíta og brenna og því engin sérstök ástæða til að setja íþyngjandi skilyrði fyrir því að almennir borgarar fái notið þeirra réttinda sem kveðið er á um að þeir skuli njóta samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

- o -


Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is



Pálmey Gísladóttir, varaformadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Fylgiskjöl:

1. Umsögn HH um 185. mál 144. löggj.: Skilyrðislaus grunnframfærsla (borgaralaun)
2. Umsögn HH um 18. mál 144. löggj.: Útreikningur nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is
Ármúla 5 - 108 Reykjavík
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH14U144.0185

Dags. 10.11.2014

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 185. mál á 144. löggjafarþingi

Tillaga til þingsályktunar um skilyrðislausa grunnframfærslu (borgaralaun)

Tillaga þessi lýtur í meginatriðum að því að kortleggja leiðir til að tryggja öllum borgurum landsins skilyrðislausa grunnframfærslu og að útrýma fátækt. Þrátt fyrir að um háleit markmið sé að ræða, er ekkert því til fyrirstöðu að hægt sé að ná þeim í jafn auðugu landi og Íslandi. Til þess að tryggja slíka framfærslu þarf að byrja á því að skilgreina þau neysluviðmið sem slík grunnframfærsla þurfi að miðast við, en tillaga til þingsályktunar um útreikning á slíkum viðmiðum fyrir íslensk heimili liggur einmitt fyrir á þingskjali nr. 18 í 18. máli þessa 144. löggjafarþings og vísast nánar til umsagnar Hagsmunasamtaka heimilanna um það mál og þeirra sjónarmiða sem þar eru sett fram. Að þessu virtu styðja samtökin jafnframt heilshugar þá tillögu sem hér er til umsagnar.

- 0 -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna

Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök Heimilanna



heimilin@heimilin.is - www.heimilin.is
Ármúla 5 -108 Reykjavík
kt. 520209-2120

Erindi nr. HH14U144.0018

Dags. 29.9.2014

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 18. mál á 144. löggjafarþingi

Útreikningur nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili

Tillaga til þingsályktunar um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili

Hagsmunasamtök heimilanna styðja heilshugar þá þingsályktunartillögu sem hér er til umsagnar. Núverandi neysluviðmið hafa reynst ófullnægjandi, enda innihalda þau alls ekki allan kostnað sem framfærslu fylgir, og er húsnæðiskostnaður þar veigamestur. Þá hafa samtökin ítrekað gagnrýnt þá aðferðafræði sem notuð hefur verið fram til þessa við útreikning neysluviðmiða, sem hefur byggst á neyslukönnunum en ekki tekið tillit til þess hvað sé raunverulega innifalið í þeirri neyslu eða hvort það dugi til viðunandi framfærslu venjulegrar fjölskyldu. Að mæla neyslu eða eyðslu með þeim hætti sem lagður hefur verið til grundvallar þeim neysluviðmiðum sem notuð eru í dag, segir í raun aðeins til um hvað fólk hafi mikið til ráðstöfunar í þá neyslu, en veitir hinsvegar engar upplýsingar um hvað sömu einstaklingar hefðu þurft til þess að geta lifað hófsömu mannsæmandi lífi.


Mikilvægt er að vinna við neysluviðmið hefjist á því að skilgreina hvaða gæði þurfi að vera til staðar í slíku viðmiði og í hvaða mæli. Fyrr er ekki hægt að setja fram neinn mælikvarða á slíka framfærslu eða raunkostnað við hana. Þannig þarf til dæmis að skilgreina þörf fyrir húsnæði, mat, föt, lyf og læknisþjónustu, fjarskipti og annað sem tilheyrir daglegum heimilisrekstri. Auk þessa alls þurfa neysluviðmið einnig að fela í sér eðlilega afþreyingu, tómsundur og frí með fjölskyldunni, sem eru nauðsynleg til þess að viðkomandi aðilar get talist eðlilegir þáttakendur í samfélaginu. Ekki er nægilegt að skilgreina eingöngu þá lágmarksframfærslu sem þarf til að lifa af um stundarsakir, heldur þarf einnig að vera til viðmið um þá framfærslu sem telst vera viðunandi að staðaldri.

Til skýringar felst munurinn á útreiknuðum neysluviðmiðum og raunframfærsluviðmiðum í því að annars vegar er miðgildi raunneyslu eða eyðsla á ákveðnu tímabili mæld út frá fyrirliggjandi tölum Hagstofunnar en hins vegar er eðlileg raunframfærsla fundin út af sérfræðingum og er þá miðað við að þeir setji saman ítarlega vöru, þjónustu og neyslukörfu sem á að teljast fullnægjandi lýsing á hóflegri eða eðlilegri framfærsluþörf fjölskyldu af tiltekinni stærð á tilteknum stað á tilteknum tíma. Raunframfærslukostnaður og lágmarks framfærsluviðmið unnin út frá þeim hafa um margra ára skeið verið gerð opinber á öðrum Norðurlöndum og eru þau sá grunnur sem þær þjóðir nota til að þegnar þeirra geti lifað hófsömu og mannsæmandi lífi, sem eru sjálfsgöð mannréttindi allra.


Ekki er heldur nægilegt að skilgreina slík viðmið og láta þar við sitja. Þegar vinnu við skilgreiningu viðunandi raunframfærsluviðmiða er lokið, þarf því næst að gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að endurspegla þau viðmið í framkvæmd. Þannig þurfa ákvarðanir á öllum stöðum í hinu opinbera kerfi að taka mið af hinum skilgreindu viðmiðum, til dæmis fjárhæðir almannabóta, lífeyrisgreiðslur, lágmarkslaun og annað sem heyrir undir opinberar skilgreiningar og ákvæði laga. Hagsmunasamtök heimilanna lýsa sig fús til þess að koma að slíkri vinnu þegar kemur að því að hrinda útfærslu raunverulegrar framfærslutryggingar í framkvæmd, að undangenginni vinnu við skilgreiningu á þeim viðmiðum sem slík framfærslutrygging verður að byggjast á.

- 0 -

Virðingarfyllt,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Vilhjálmur Bjarnason, formadur@heimilin.is



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Fylgiskjal I: Ályktun Hagsmunasamtaka heimilanna dags. 15.2.2011 um neysluviðmið

Ályktun Hagsmunasamtaka heimilanna um skýrslu Velferðarráðuneytisins:

“Neysluviðmið fyrir íslensk heimili” (febrúar 2011)¹

Að mati Hagsmunasamtaka heimilanna ber að líta útgáfu skýrslu velferðarráðuneytisins jákvæðum augum. Mikilvægt er þó að hafa í huga að þau neysluviðmið sem kynnt eru í skýrslunni endurspeгла ekki raunframfærslukostnað eða lágmarks framfærslukostnað heldur rauntölur um neyslu fólks á Íslandi seinustu ár.

Til skýringa felst munurinn á útreiknuðum neysluviðmiðum og raunframfærsluviðmiðum í því að annars vegar er miðgildi raunneyslu mælt út frá fyrirliggjandi tölum Hagstofunnar en hins vegar er eðlileg raunframfærsla fundin út af sérfræðingum og er þá miðað við að þeir setji saman ýtarlega vöru, þjónustu og neyslukörfu sem á að teljast fullnægjandi lýsing á hóflegri eða eðlilegri framfærsluþörf fjölskyldu af tiltekinni stærð á tilteknum stað á tilteknum tíma. Raunframfærslukostnaður og lágmarks framfærsluviðmið unnin út frá þeim hafa um margra ára skeið verið opinber á öðrum Norðurlöndum, svo sem Danmörku, Svíþjóð og Noregi.

Af efni nýútkominnar skýrslu velferðarráðuneytisins er ekki hægt að segja til um hvort og þá hversu margir eru með ráðstöfunartekjur undir framfærslukostnaði eða hvað þá lágmarks framfærslukostnaði. Margt bendir þó til þess að mjög margar fjölskyldur safni skuldum um hver mánaðarmót eða lifi við skort brýnna nauðsynja. Sérstaklega á þetta við um barnafjölskyldur auk heimila sem þurfa að treysta á bætur og / eða framfærslu hins opinbera auk fjölda fólks í láglaunastörfum sem eru í raun föst í fátækragildru.

Stjórnvöldum ber skylda að komast að því hver raunframfærslukostnaður heimilanna er svo unnt sé að lögfesta raunframfærslu og lágmarksframfærsluviðmið unnin út frá þeim. Á meðan sú vinna stendur yfir er nauðsynlegt að hið opinbera gefi nú þegar út lágmarksframfærsluviðmið til bráðabirgða sem taki mið af nýkynntum neysluviðmiðum. Þessi krafa er þar að auki byggð á 25. grein Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

Án þess að draga dul á hækkunarþörf launa að raunframfærsluviðmiðum vilja Hagsmunasamtök heimilanna benda á að eindregin krafa þeirra um almenna leiðréttingu stökkbreyttra íbúðalána er ein öflugasta kjarabót sem völ er á. Sú leiðrétting hefði veruleg áhrif til lækkunar á framfærslukostnaði þorra almennings.

Fyrir hönd Greiðsluerfiðleikateymis (GET) hóps HH, Vilhjálmur Bjarnason meðstjórnandi og Harpa Njális félagsfræðingur.

Hagsmunasamtök heimilanna

15. febrúar 2011

¹ <http://www.velferðarraduneyti.is/rit-og-skyrslur-vel/nr/32574>